



277. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 19. janúar 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Ingveldur Eypórsdóttir, varamaður IE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Hjörleifur K. Hjörleifsson, varamaður HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bæjarráðs.
 - 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 481 dags. 12.01.2012.

Liður 2 fundargerð Hafnarstjórnar dags. 22.12.2011 (65.fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 3 Aðstaða fyrir ferðaþjónustuaðila

Hafnarstjórn leggur til að fyrirtækinu Ocean safari sem sótt hefur um aðstöðu fyrir ferðaþjónustu á hafnarsvæðinu verði veitt aðstaða við Olúbryggju.

Einnig leggur Hafnarstjórn til að félagið fái stöðuleyfi fyrir gáma á Stykkisbryggju.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Liður 6 Öryggisgæsla á hafnarsvæði.

Framlagt tilboð um öryggisgæslu á hafnarsvæði. Hafnarstjóra og hafnarverði er falið að ræða við forsvarsmenn Vökustauris um öryggisgæslu

hafnarsvæðisins. Hafnarstjórn leggur til að gjaldskrá hafnar verði hækkuð til að standa straum vegna kostnaðar við gæslu. Hafnarstjórn leggur einnig til að skoðaðir verði möguleikar á að setja upp öryggismyndavél á hafnarsvæðinu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Önnur mál.

Rætt var um kerrur og báta á hafnarsvæði við Skipavík. Hafnarstjórn leggur til



að reglur verði gerðar um geymslu báta og kerra á hafnarsvæði Skipavíkur og í Maðkavík og gjaldskrá verði sett upp um stöðugjöld á hafnarsvæðinu.

Bæjarráð tekur jákvætt í tillögur. Samþykkt að halda áfram deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæðinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GS og LÁH

Fundargerð samþykkt.

Liður 5 fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags.09.01.2012 (145.fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 3 Nesvegur 9, beiðni um stækkun á lóð.

Birgir Jónsson og Sigurður Birgisson sækja um að lóðarstækkun á lóð við Nesveg nr. 9, sbr. afstöðumynd og bréf mótt. 22.08.2011.

-Þar sem að ekki er til deiliskipulag af svæðinu leggur nefndin til að veita lóðarhöfum tímabundinn afnotarétt af landi sem nemur frá lóðarmörkum og að fyrirhugaðri gangstétt við Nesveg.

Samþykkt að veita lóðahöfum tímabundinn afnotarétt af landi sem nemur frá lóðarmörkum og að fyrirhugaðri gangstétt við Nesveg, uppsagnarfrestur afnotaréttar er gagnkvæmur með þriggja mánaða fyrirvara.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: GDP,DS,LÁH,HKH,ÍHS og GS

Liður 4 Hafnarsvæði „Stykkisbryggja, stöðuleyfi.

Ocean safari/ Þorgeir Kristófersson og Magnús Örn Tómasson sækja um stöðuleyfi fyrir gáma, klædda að utan með bárujárni og tengdir saman með létttri byggingu og einhalla þaki, sbr. bréf móttekið dags. 4.01.2012.

-Nefndin leggur til að veita tímabundið stöðuleyfi fyrir staðsetningu á tveimur gámum. Staðsetning og frágangur verði í samráði við hafnarnefnd. Nefndin leggur einnig til að haldið verði áfram með deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæðinu.

Samþykkt að veita stöðuleyfi gáma til eins árs. Staðsetning verði gerð í samráði við byggingafulltrúa og hafnarvörð. Samþykkt að halda áfram deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæðinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 11 bréf Fjármálaráðuneytis, dags.30.12.2011 varðandi styrk til kaupa á pípuorgeli í Stykkishólmskirkju.



Framlagt. Bæjarstjórn þakkar fjármálaráðherra fyrir veittan styrk.

**Liður 14 bréf sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 21.12.2011
varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012.**

Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012 í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi reglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012. Ákvæði reglugerðar 1182/2011 gilda með eftirfarandi breytingu á 4. gr. reglugerðarinnar. Bátar geta fallið undir alla neðangreinda liði að uppfylltum skilyrðum.

- A) 155 þorskígildistonnum skal úthlutað til þeirra sem orðið hafa fyrir samdrætti í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild samkvæmt þessum lið. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2011 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvótanum verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2011. Nú á útgerðin aðra báta sem hlutdeildin er ekki á og er henni heimilt að láta Fiskistofu úthluta byggðakvótanum á þá, svo framarlega sem útgerð og eigandi er sami aðilinn.
- B) 24 þorskígildistonnum skal úthlutað vegna samdráttar í veiðum og vinnslu á úthafsækju í Stykkishólmi. Einungis bátum þeirra aðila sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum og vinnslu á úthafsækju í Stykkishólmi, á fiskveiðiárinu 2004/2005 samkvæmt reglugerð nr. 273/2005, verði úthlutað jöfn hlutdeild samkvæmt þessum lið, enda geri umsækjandi sérstaklega grein fyrir skerðingunni í umsókn sinni.
- C) 150 þorskígildistonnum skal úthlutað í hlutfalli við afla í þorskígildum sem keyrður var beint til vinnslu í Stykkishólmi og/eða landaðan afla í þorskígildum í Stykkishólmshöfn. Aðeins þeir bátar sem flutt hafa beint til vinnslu í Stykkishólmi og/eða landað í Stykkishólmshöfn afla sem nemur samtals 20 þorskígildistonnum eða meira á fiskveiðiárinu 2010/2011 fá úthlutað samkvæmt þessum lið.

Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Bókun :

Úthlutaður byggðakvóti til Stykkishólmsbæjar fiskveiðiárið 2010-2011 var 250 tonn, en er 329 tonn á núverandi fiskveiðiári. Þokkaleg sátt var um sérreglurnar síðasta ár, enda voru þær þá unnar í nánú samstarfi allra bæjarfulltrúa og stærstu vinnsluaðila fisks í Stykkishólmi. Eðlilegt verður því að teljast að sömu sáttar sé að vænta ef 79 tonna viðbót á byggðakvóta verði úthlutað í nær sama hlutfalli og byggðakvóta síðasta árs. Hafa ber í huga að byggðakvóti Stykkishólmsbæjar er ekki happdrættisvinningur sem dreifa ber að vild, heldur bætur vegna samdráttar í veiðum og vinnslu á skel og rækju. Þannig koma í byggðakvóta nú 197 tonn í bætur vegna rækju og 132 tonn



vegna skeljar.
Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Til máls tóku: GDP,DS,EE og LÁH

Liður 15 tölvupóstur Björgunarsveitarinnar Elliða dags. 07.12.2011 varðandi styrk til tækjakaupa o.fl.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 bréf Fjölís, dags.02.12.2011 varðandi samning vegna notkunar á höfundarréttarvörðu efni.

Samþykkt að framlengja samning til 1. júlí 2012.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 17 bréf Ungmennafélags Íslands, dags. 03.01.2012 varðandi gistingu íþróttahópa.

Samþykkt að bæjarstjóri svari bréfinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 18 skýrsla nefndar velferðarráðherra um endurskoðun starfsemi HVE í Stykkishólmi dags. 09.01.2012.

Tillaga 4

Samþætting þjónustu við fólk í hjúkrunar – og dvalarrýmum í Stykkishólmi. Þar sem fyrirliggjandi er að breyta þarf húsnæði dvalarheimilisins er skynsamlegt að flytja dvalar- og hjúkrunarrými stofnunarinnar í heild sinni yfir í húsnæði SFS.

Rekstur:

Tillögur nefndarinnar lutu að því að þjónusta við fólk í hjúkrunar- og dvalarrýmum í Stykkishólmi yrði sameinuð í húsnæði SFS. HVE og Stykkishólmsbær hafa þegar hafið samstarf um þjónustu hjúkrunarfræðinga HVE við dvalarheimilið á Skólastíg. Umræður og áform eru um frekari samvinnu, m.a. um þvottahús, eldhús o.fl. Mikilvægt er að faglegt mat fari fram á því hvort og þá hve margir einstaklingar sem nú eru í hjúkrunarrýmum á dvalarheimilinu gætu haft gagn af því að flytjast í húsnæði SFS sem fyrst. Þetta þarf að gerast í samvinnu við einstaklingana og fjölskyldur þeirra. Samhliða þessu þarf að meta áhrif fullrar sameiningar á starfsemi beggja stofnana, sérstaklega m.t.t. starfsmannahalds, og gera áætlanir um breytingar sem hvað minnst áhrif hefðu á starfsmenn. Líklegt er að sameiningin verði í einhverjum stigum og þau þarf að skilgreina. Til dæmis má spyrja hvort unnt sé að reka einungis dvalarrými um tíma á Skólastíg og flytja öll hjúkrunarrými á SFS.

Tillaga

Lagt er til að stofnaður verði verkefnahópur um rekstrarlegar hliðar mögulegs samstarfs sem skili tillögum fyrir 1. mars 2012. Hópin leiði



framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HVE en aðrir í hópnum verði deildarstjóri HVE í Stykkishólmi og 1 fulltrúi frá Stykkishólmsbæ.

Samþykkt að Gyða Steinsdóttir verði fulltrúi Stykkishólmsbæjar í verkefnahópi um rekstrarlegar hliðar mögulegs samstarfs.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Breytingar á húsnæði:

Velferðarráðuneytið hefur kannað möguleika þess að sameina alla núverandi starfsemi HVE í Stykkishólmi ásamt starfsemi dvalarheimilisins á einum stað. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir en Leifur Benediktsson verkfræðingur í velferðarráðuneytinu hefur gert athugun í grófum dráttum sem bendir til að hugsanlega sé þessi möguleiki fyrir hendi. Arkitektastofunni ARKÍS var falið að gera þarfagreiningu og forsögn fyrir verkið og var drögum skilað í lok nóvember. Í framhaldinu má búast við að ferill máls verði eftirfarandi:

1. Umsagna leitað hjá hagsmunaaðilum (HVE í Stykkishólmi og Akranesi sem og velferðarráðuneyti og Stykkishólmsbæ). Gert ráð fyrir að þessum þætti ljúki í janúar.
2. Fáist jákvæð niðurstaða í umsagnaferlið verður ARKIS falið að vinna skissur með nefndum aðilum og drög að kostnaðarmati verða gerð. Stefnt er að verklokum í lok febrúar 2012.
3. Séu aðilar sammála um að unnt sé að vinna skv. tillögum í lið 2, verða gerðar aðaltekningar og nákvæm kostnaðaráætlun. Búast má við að niðurstaða liggi fyrir um mitt ár 2012.
4. Ef ákveðið verður að ráðast í framkvæmdir skv. lið 3 verður gert útboð um gerð útboðsgagna í sumarlok.
5. Útboð um verklegar framkvæmdir getur farið fram í október/nóvember 2012.
6. Verklegar framkvæmdir hefjast árið 2013 og búast má við að þær taki tvö ár. Stefnt er að því að áfangaskipta verkinu svo að sem minnst rask verði á starfseminni.

Tillaga

Lagt er til að stofnaður verði verkefnahópur um framkvæmdir undir forystu velferðarráðuneytisins. Framkvæmdastjórn HVE skipi a.m.k. 2 fulltrúa (annan með starfsstöð í Stykkishólmi) og Stykkishólmsbær 2.

Samþykkt að Gunnar Einarsson og Ásgeir Gunnar Jónsson verði fulltrúar Stykkishólmsbæjar í verkefnahópi um framkvæmdir.

Tillaga:

Undirrituð leggja til að skipuð verði 3ja manna nefnd Stykkishólmsbæjar til viðræðna og samninga við HVE og ríkisvaldið vegna mögulegs samstarfs og flutnings á starfsemi Dvalarheimilis aldraðra til HVE (St. Fransickussjúkrahússins) í Stykkishólmi.



Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Tillaga samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP,DS,LÁH,GS og EE

Liður 19 tónlistarnám nemenda utan Stykkishólms skólaárið 2010-2011, en með lögheimili í Stykkishólmi.

Samþykkt að styrkja þá nemendur um allt að kr. 171.792, sem stunduðu tónlistarnám utan Stykkishólms, en með lögheimili í Stykkishólmi skólaárið 2010-2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum og þrír sátu hjá. Bæjarstjóra er falið að auglýsa ofangreinda samþykkt og benda þeim sem telja sig eiga rétt á styrk vegna tónlistarnáms skólaárið 2010-2011 að sækja um fyrir 1. maí 2012.

Bókun vegna Tónlistarnám nemenda utan Stykkishólms skólaárið 2010-2011, en með lögheimili í Stykkishólmi.

Á bæjarstjórnarfundum þann 15. desember 2011 var samþykkt að fresta afgreiðslu þessa máls eftir miklar umræður. Niðurstöður þeirra umræðna var munnlegt samkomulag um að fyrir bæjarstjórnarfund í janúar 2012 yrðu lögð fram drög að reglum um styrkveitingar til tónlistarnemenda með lögheimili í Stykkishólmi en í námi annars staðar. Jafnframt var samkomulag um að í framangreindum reglum væri sett inn ákvæði til bráðabirgða varðandi styrkveitingar árána 2009-2010 og 2010-2011. Þessar reglur yrðu síðan auglýstar svo alls jafnræðis væri gætt og nemendur gætu sótt um.

Í stað ofangreinds samkomulags kemur L-listinn með sömu tillögu og lögð var fram á síðasta bæjarstjórnarfundum án nokkurs samráðs við undirrituð. Slík vinnubrögð eru ólíkandi.

Undirrituð munu því sitja hjá við þessa afgreiðslu og kalla enn eftir að framangreind drög að reglum verði lögð fram.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Til máls tóku: GDP og LÁH

Liður 21 Próunarfélag Snæfellinga ehf.

Tillaga:

Undirrituð leggja til að bæjarstjórn standi við samþykkt sína frá 276. bæjarstjórnarfundum þann 15. desember 2011 undir lið 3.1 og setji 500.000 kr. í hlutafé í Próunarfélag Snæfellsness.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir



Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Tillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Samþykkt að leggja fram 320.000 kr. í hlutafé í Þróunarfélag Snæfellinga ehf.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Bókun. Gretar vill að bókað sé, þar sem tillaga okkar var ekki samþykkt, þá samþykkjum við afgreiðslu bæjarráðs.

Gretar D. Pálsson

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Til máls tóku: GDP,DS,EE og LÁH

Liður 22 vígsluhátíð kirkjuorgels í Stykkishólmskirkju 22. janúar 2012.

Bæjarráð samþykkir að Stykkishólmsbær bjóði til kaffisamsætis við vígslu nýja kirkjuorgelsins í Stykkishólmskirkju 22. janúar nk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Bæjarstjórn þakkar þeim fjölmörgu sem lagt hafa söfnuninni lið, sérstaklega orgelssjóðsnefndinni fyrri vel unnin störf, en í nefndinni eru eftirtaldir: Gunnlaugur Árnason, Guðmundur Kolbeinn Björnsson, Sigbór Hallfreðsson, Jóhanna Guðmundsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir og Sesselía Pálsdóttir.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skólanefndar, dags. 14.12.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2. Fundargerð Hafnarstjórnar, dags. 22.12.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.3. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 06.12.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 03.01.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 09.01.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.6. Fundargerð skólanefndar, dags. 12.01.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.7. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 12.01.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: GDP,DS,LÁH og GS

3. Fjármál.



3.1. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2013-2015, dags. 08.12.2011.

Þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2013-2015 samþykkt.

4. Annað

4.1. Samþykktalisti.

Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri gerði grein fyrir samþykktalista.

Til máls tóku: GS og GDP

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Þór Örn Jónsson